

Kostnað við geymslu skipsins, frá því það strandaði og þar til viðgerð hefst, er félaginu óskyld að greiða.

Stefndi greiði stefnendum kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. maí 1956.

Nr. 27/1953. **Einar Eiríksson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jóni Guðmundssyni (Gunnar Þorsteinsson),

Bergi Eydal Vilhjálmsyni og

Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni

(Magnús Thorlacius),

Elíasi Steinssyni og

Kristjáni Gíslasyni (Egill Sigurgeirsson)

og

Elías Steinsson og

Kristján Gíslason (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Einari Eiríkssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1953 og gert þessar dómkröfur:

Að gagnáfrýjendum, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni, verði dæmt að greiða honum kr. 423.31 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags og að gagnáfrýjendum og stefndu, Bergi Eydal Vilhjálmsyni, Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni og Jóni Guðmundssyni, verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 23.301.89 með 6% ársvöxtum af

kr. 17.803.47 frá 5. janúar 1951 til 9. apríl s. á. og af kr. 23.301.89 frá þeim degi til greiðsludags, að stefndu og gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði, að staðfest verði kyrrsetning, sem fram fór í eignum stefndu hinn 17. janúar 1951 til tryggingar kr. 17.803.47 af kröfum aðaláfrýjanda með vöxtum og kostnaði, og að stefndu og gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón Guðmundsson krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er til hans tekur, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er til þeirra tekur, og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1953 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er þá varðar, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi telur, að eigi sé rétt með farið í hinum áfrýjanda dómi, þar sem segir, að hann, þ. e. aðaláfrýjandi, hafi tekið athugasemdalaust við lyklum að húsnæði veitingastofu þeirrar, er í málinu greinir, er stefndu, Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason, létu af rekstri hennar um mánaðamótin nóvember-desember 1949. Hæstaréttarlögmenn þeir, sem fluttu málið fyrir stefndu og gagnáfrýjendur í héraði, staðhæfa hins vegar, að rétt sé frá skýrt í héraðsdómi um þetta atriði. Að svo vöxnu máli verður að leggja frásögn héraðsdómara, sem í engu hefur verið hnekk, til grundvallar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, stefnda Jóni Guðmundssyni kr. 1500.00, stefndu Bergi Eydal Vilhjálmsyni og Kristmundi

Þorbirni Bjarnasyni kr. 1500.00 og gagnáfrýjendum, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni, kr. 1500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Einar Eiríksson, greiði stefnda Jóni Guðmundssyni kr. 1500.00, stefndu Bergi Eydal Vilhjálmssyni og Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni kr. 1500.00 og gagnáfrýjendum, Elíasi Steinssyni og Kristjáni Gíslasyni, kr. 1500.00, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., hefur Einar Eiríksson, Marargötu 2, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. janúar 1951, gegn Bergi Eydal Vilhjálmssyni, Kleppsvegi 102, og Kristmundi Þorbirni Bjarnasyni, Vífilsgötu 15, báðum hér í bænum, og Jóni Guðmundssyni, Brúsastöðum í Þingvallasveit. Gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu yrðu dæmdir til greiðslu in solidum á kr. 20.481.80 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði löghald, sem lagt var á ýmsa innanstokksmuni o. fl. í húsnæði Kaffi- og matstofunnar Hvols, Hafnarstræti 15, hinn 17. janúar 1951 til tryggingar dómkröfunum.

Jóni Guðmundssyni var ekki löglega birt stefna málsins, og höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur honum svo og þeim Elíasi Steinssyni kaupmanni, Njálsgötu 4 B, hér í bæ, og Kristjáni Gíslasyni veitingamanni, Edinborg í Keflavík, með stefnu, út gefinni 9. apríl f. á. Með sömu stefnu höfðaði stefnandi framhaldssök gegn stefndu Bergi og Kristmundi. Gerði stefnandi nú þær dómkröfur, að varnaraðiljar allir yrðu dæmdir til að greiða in solidum kr. 26.530.06 með 6% ársvöxtum af kr. 20.481.80 frá 5. janúar 1951 til 9. apríl s. á. og af kr. 26.530.06 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krafðist hann staðfestingar fyrrgreindrar löghaldsgerðar.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð dómkröfu sinnar í kr. 23.725.20 með 6% ársvöxtum af kr. 18.194.05 frá 5. janúar 1951 til 9. apríl s. á. og af kr. 23.725.20 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Bergur, Jón og Kristmundur hafa krafizt þess, að framangreint löghald verði felld úr gildi og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Stefndu Elías og Kristján hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi var eigandi Kaffi- og matstofunnar Hvals við Hafnarstræti hér í bænum og starfrækti hana. Síðan seldi hann stefndu Elíasi og Kristjáni mestan hluta hennar, þannig að eignarhluti þeirra mun hafa verið talinn kr. 65.000.00, en eignarhluti stefnanda kr. 5000.00. Var í ráði að stofna hlutafélag um reksturinn, og var gerður stofnsamningur þar að lútandi. Samkvæmt honum skyldu stefndu Elías og Kristján eiga 4/11 af hlutafénu hvor, eigin konur þeirra 1/11 hvor og stefnandi 1/11 hluta, en samtals átti hlutaféð að vera kr. 55.000.00. Hlutafélagið var hins vegar aldrei skrásett.

Eftir að stefndu Elías og Kristján gerðust aðaleigendur veitingastofunnar, mun rekstur hennar hafa verið að mestu leyti í þeirra höndum. Þó kveða þeir sameigendurna hafa skipzt á um reksturinn, þannig að fyrst hafi stefndu Elías og Kristján rekið veitingastofuna í félagi, síðan hafi stefnandi rekið hana einn um skeið, og loks hafi stefndi Kristján rekið hana einn í um það bil eitt ár, unz stefndu Elías og Kristján hafi selt eignarhluta sinn, eins og síðar verður að vikið. Hafi sá aðili, sem rak veitingastofuna hverju sinni, greitt einn allan rekstrarkostnað. Veitingastofan var rekin í húsnæði, sem stefnandi hafði persónulega á leigu hjá húseigendunum, og á veitingaleyfi hans. Greiddu stefndu Elías og Kristján húsaleiguna til stefnanda.

Með samningi 13. október 1949 seldu stefndu Elías og Kristján stefndu Bergi Eydal, Jóni og Kristmundi Þorbirni eignarhluta sinn í veitingastofunni ásamt húsgögnum og áhöldum veitingastofunnar. Sagði m. a. svo í afsalinu: „...Kaupendur vita um, að Einar Eiríksson hefur leigurétt húsnæðisins á sínu nafni og að húsaleigan er nú kr. 1208.00 á mánuði og sömuleiðis, að Einar Eiríksson er talinn eiga 5000.00 króna hlut í veitingastofunni“.

Stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn hófu rekstur veitingastofunnar frá 14. október að telja. Þó mun stefndi Jón hafa haft lítil afskipti af daglegum rekstri. Húsaleigu fyrir hálfan októbermánuð og fyrir nóvembermánuð greiddu kaupendurnir beint til stefnanda, og var það sama grunnleiga og stefndu Elías og Kristján höfðu greitt. Mjög skömmu eftir að

kaupin gerðust, kom upp ágreiningur út af kaupunum með kaupendum og seljendum. Þannig ritaði stefndi Jón „Athugasemdir við samningana um Hvol“ hinn 23. október og afhenti það bréf í skrifstofu lögfræðings, er verið hafði með seljendum við samningsgerðina. Síðar báru stefndu Bergur Eydal og Kristmundur Þorbjörn fram munnlegar kvartanir við seljendur. Kvörtunum þessum sinntu seljendur ekki og töldu sér það óskilyt. Rétt fyrir mánaðamótin nóvember-desember hættu stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn rekstri veitingastofunnar. Jafnframt afhentu þeir stefnanda lykllana að húsnæðinu, og hefur það staðið ónotað síðan.

Með stefnu, út gefinni 6. desember 1949, höfðu stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn mál á hendur stefndu Elíasi og Kristjáni til riftingar kaupunum frá 13. október og til endurheimtu kaupverðsins. Voru kröfur þeirra reistar m. a. á því, að seljendur hefðu ábyrgzt, að reka mætti veitingastofuna framvegis í leiguhúsnæði stefnanda máls þessa og á hans veitingaleyfi, en þenna rétt þeirra hefði hann ekki viljað viðurkenna. Var stefnanda þessa máls stefnt til réttargæzlu í málinu. Málalyktir urðu þær í héraði, að varnaraðiljar voru sýknaðir af kröfum stefnanda. Var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 4. nóvember s.l.

Kröfur sínar í máli þessu reisir stefnandi á því, að stefndu skuldi honum húsaleigu fyrir húsnæði veitingastofunnar, fyrir upphitun og lýsingu húsnæðisins og afnotagjald af talsíma í veitingastofunni auk nokkurrar fjárhæðar fyrir aukasímtöl og landssímasamtöl. Voru kröfur stefnanda í frumsök miðaðar við tímabilið frá desember 1949 til desember 1950, að báðum mánuðum meðtöldum, þó að því er varðaði hita og rafmagn, frá októberbyrjun 1949 til septemberloka 1950. Taldi stefnandi húsaleigugreiðslurnar og greiðslur fyrir hita og ljós hafa numið kr. 18.716.80 og símagjöld kr. 1765.00 eða samtals kr. 20.481.00. Hækkun stefnanda á kröfunum með framhalds- og sakaukastefnunni er byggð á því, að þar eru tekin með framangreind gjöld til loka marz mánaðar 1951. Hefðu húsaleigugreiðslur og gjöld fyrir hita og rafmagn numið á tímabilinu kr. 5678.26 og símagjöld kr. 370.00 eða alls kr. 6048.26, og nemi skuld stefndu stefnukröfunni. Lækkun stefnanda á dómkröfum sínum við munnlegan flutning málsins var reist á því, að hann taldi, að honum bæri sjálfum að greiða 1/11 hluta framangreindra gjalda, þar eð hlutdeild hans í sameigninni hafi verið þessi samkvæmt því, sem ráðgert hafi verið milli hans og stefndu Elíasar og Kristjáns í sambandi við hina fyrirhuguðu stofnun hlutafélags. Auk þess féll stefnandi frá einum kröfuflið, varðandi

greiðslu fyrir hita og ljós, að fjárhæð kr. 393.04. Hefur fjárhæð dómkröfu stefnanda út af fyrir sig ekki verið andmælt.

Húsaleiga, hiti og rafmagn.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar, varðandi þenna lið, með því, að er stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn hættu starfrækslu veitingastofunnar í nóvemberlok 1949, hafi þeir ekki sagt upp húsnæðinu við stefnanda og eigi hafi þeir heldur gert það síðan, og beri þeim því að greiða að sínum hluta kostnað við húsnæðið síðan. Stefndu Elías og Kristján ábyrgist þá skuld in solidum með hinum meðstefndu, þar eð stefndu Kristján og Elías hafi ekki leitað samþykkis stefnanda, er þeir seldu eignarhluta sinn, enda hafi stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur greitt húsaleiguna þann tíma, sem þeir ráku veitingastofuna undir nafni stefndu Elíasar og Kristjáns. Loks var því hreyft af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins til stuðnings kröfum hans á hendur stefndu Elíasi og Kristjáni, að samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu af stefnda Kristjáni 11. des. 1948, þar sem stefndi Kristján hefði veðsett stefnanda húsgögn og áhöld í veitingastofunni til tryggingar víxli nokkrum, út gefnum af stefnanda, hefði hann ábyrgzt, að stefnandi biði engan halla af leigugreiðslu fyrir húsnæði veitingastofunnar né öðrum viðskiptum, sem hann kynni að eiga við stefnda Kristján.

Stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn reisa sýknukröfu sína af þessum lið á því, að er þeir afhentu stefnanda lykla húsnæðisins í nóvemberlok 1949, hafi sú afhending haft að geyma uppsögn þeirra á húsnæðinu frá þeim tíma. Stefnandi hafi ekki mótmælt þeirri uppsögn, sem í afhendingu lyklanna fólst. Hafi þeir því þegar greitt stefnanda að fullu húsaleigu og annan kostnað við húsnæðið fyrir þann tíma, sem þeir ráku veitingastofuna.

Stefndu Kristján og Elías reisa sýknukröfu sína á því, að þeim séu óviðkomandi leigugreiðslur og hita- og rafmagnskostnaður eftir 13. október 1949, er þeir seldu meðstefndu eignarhluta sinn, enda hafi stefnanda verið fullkunnugt um eigendaskiptin. Þá hafa þeir og talið, að ef svo yrði litið á, að endurkröfuréttur stefnanda hefði ekki fallið niður þegar við söluna, hafi hann þó fallið niður við það, að stefnandi hafi athugasemdalaust tekið við leigugreiðslu úr hendi stefndu Bergs Eydals, Jóns og Kristmundar Þorbjarnar, enda mótmæla stefndu Elías og Kristján, að síðast nefndar leigugreiðslur hafi verið greiddar undir þeirra nafni. Þá geti stefnandi heldur ekki krafizt neinnar greiðslu eftir þann tíma, að hann

veitti viðtöku lykllum húsnæðisins. Loks hafa stefndu Elías og Kristján mótmælt, að stefnandi geti reist nokkurn rétt sér til handa í þessu máli á framangreindu tryggingarbréfi. Bréf þetta sé stefnda Elíasi óviðkomandi og hafi enn fremur verið gefið út vegna láns, er stefndi Kristján hafi tekið til kaupa á húsgögnum í veitingastofuna, en stefnandi ábyrgzt. Séu þau viðskipti að fullu uppgerð.

Stefnandi hefur viðurkennt, að áður en stefndu Elías og Kristján seldu eignarhluta sinn, hafi stefndi Elías skýrt honum frá, að sala væri fyrirhuguð, og kveðst stefnandi hafa gengið út frá því, að kaupendur nytu þá sama leiguréttar og stefndu Elías og Kristján höfðu haft. Stefnandi veitti athugasemdalaust viðtöku leigugreiðslu úr hendi stefndu Bergs Eydals, Jóns og Kristmundar Þorbjarnar og kveðst enn fremur hafa tjáð þeim, að hann mundi eigi reka þá úr húsnæðinu. Verður að telja samkvæmt framansögðu, að stefnandi hafi fallizt á, að stefndu Elíasi og Kristjáni væri óviðkomandi rekstur veitingastofunnar, eftir að þeir seldu eignarhluta sinn.

Að því er varðar fyrrgreint tryggingarbréf, þá segir þar, að það sé sett „... Enn fremur til tryggingar því, að Einar Eiríksson beri engan skaða af greiðslu húsaleigu í Hafnarstræti 15 eða öðrum viðskiptum“, sem stefnandi og stefndi Kristján kunni að eiga saman. Tryggingarbréf þetta er stefnda Elíasi óviðkomandi, og ekki verður það skýrt svo, að það leggi neina ábyrgð á stefnda Kristján um leigugreiðslur eða greiðslur annars kostnaðar vegna veitingastofunnar, eftir að hann seldi eignarhluta sinn.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu Elías og Kristján af kröfu stefnanda um greiðslu húsaleigu.

Stefnandi hefur viðurkennt, að stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn hafi afhent honum lykla að húsnæði veitingastofunnar, er þeir hættu rekstri hennar um mánaðamótin nóvember-desember 1949, og að hann hafi tekið athugasemdalaust við lykklunum. Mátti stefnanda vera ljóst, að um fyrirvaralaus uppsögn á húsnæðinu væri að ræða, og þar eð hann hreyfði engum andmælum og hefur, svo að séð verði, engar kröfur gert á hendur stefndu um greiðslur húsaleigu fyrr en með beiðni sinni um lög-hald 5. janúar 1951, þykir mega líta svo á, að stefnandi hafi samþykkt uppsögnina. Loks er viðurkennt, að eftir að rekstri veitingastofunnar var hætt, hafi stefnandi unnið að einhverju leyti að lagfæringum á húsnæðinu. Þegar allt þetta er virt, þykir ekki efni til að taka kröfur stefnanda um húsaleigugreiðslu úr hendi stefndu Bergs Eydals, Jóns og Kristmundar Þorbjarnar til greina.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið um húsaleigu, ber að sýkna alla hina stefndu af kröfum stefnanda um greiðslu fyrir upphitun og rafmagn eftir 1. desember 1949. Einn þeirra reikninga, sem stefnandi hefur greitt fyrir hita og rafmagn og kröfur eru gerðar út af í máli þessu, er hins vegar fyrir tímabilið október–desember 1949. Reikningur þessi er að fjárhæð kr. 219.63. Ekkert er upplýst, hvernig notkunin skiptist á einstaka mánuði á tímabilinu, og þykir því verða að ætla, að hún hafi verið jöfn. Stefndu Elías og Kristján voru sameigendur stefnanda 1/6 þessa tímabils (1.—14. október), en stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn helming tímans (14. október—31. nóvember). Ber hinum stefndu að greiða nefndan reikning að tiltölu við það, þannig að stefndu Elías og Kristján greiði in solidum 1/6 hluta hans, að frádregnum þeim 1/11 hluta, sem stefnandi hefur viðurkennt, að sér bæri að greiða af öllum kostnaði, eða kr. 33.28 (kr. 36.61 ÷ 3.33). Á sama hátt ber stefndu Bergi Eydal, Jóni og Kristmundi Þorbirni að greiða stefnanda in solidum helming reikningsfjárhæðarinnar, að frádregnum 1/11 hluta, eða kr. 99.84 (kr. 109.82 ÷ 9.98).

Símgjöld.

Stefnandi telur, að hann hafi greitt samtals kr. 2135.00 vegna talsíma veitingastofunnar, og beri honum að fá tiltölulega endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi hinna stefndu. Taka greiðslur stefnanda á símgjöldum bæði til afnotagjalds, aukasímtala, landsímasamtala og skásetningar aukaleturs í símaskrá.

Stefndu hafa andmælt þessum kröfulið sem sér óviðkomandi, svo sem öðrum kröfum stefnanda. Þá hafa þeir og sérstaklega andmælt þessum lið á þeim grundvelli, að síminn hafi verið skráður á nafn stefnanda sjálfs, en samkvæmt reglum Landssímans sé óheimilt að leigja talsímatæki án leyfis.

Símareikningarnir hljóða á nafn Einars Eiríkssonar, kaffi- og matsala. Hefur stefnandi ekki hnekkð því, að hann persónulega hafi verið rétthafi símans. Að því er afnotagjaldið varðar, þá er það fyrir tímabilið janúar 1950 til marz 1950. Stefndu höfðu þá hætt rekstri veitingastofunnar og sagt upp húsnæði hennar, og verður að telja, að þeim beri ekki að greiða fyrir afnot af símanum eftir þann tíma. Verða þeir því sýknaðir af kröfu stefnanda um greiðslu afnotagjaldanna. Þá verða stefndu og sýknaðir af kröfu stefnanda vegna greiðslu aukaleturs í símaskrá, enda er sú greiðsla frá því í janúar 1951.

Á símareikningi fyrir 1. ársfjórðung 1950 er gjald fyrir auka-

samtöl talið kr. 332.50, ef með er talin 10% gjaldskrárhækkun. Á reikningi 2. ársfjórðungs nemur gjaldið fyrir aukasamtölin kr. 398.10. Á síðari reikningnum er ekki um aukasímtöl að ræða. Dómaranum er kunnugt um, að gjald fyrir aukasamtöl er innheimt á öðrum ársfjórðungi, eftir að samtölin fóru fram. Er hér því um að ræða greiðslur fyrir aukasamtöl á tveimur síðari fjórðungum ársins 1950. Mánuðina júlí til september voru stefndu Elías og Kristján sameigendur stefnanda að veitingastofunni. Því er ekki mótmælt, að þeir, sem veitingastofuna ráku hverju sinni, hafi haft afnot talsímans. Ekki er heldur efni til að líta svo á, að bann Landssímans við framleiðu símtækja firri stefnanda endurkröfu-rétti vegna aukasímtala. Ber stefndu Elíasi og Kristjáni því að greiða stefnanda in solidum aukasamtalagjöldin fyrir júlí-september 1950, að frádregnum 1/11 hluta stefnanda sjálfs, eða kr. 299.55 (kr. 332.50 ÷ 32.95).

Að því er varðar aukasamtöl á síðasta ársfjórðungi 1950, þykir mega ætla, að ekki sé um að ræða aukasímtöl í desembermánuði, eftir að rekstri veitingastofunnar var hætt. Verður því að ætla, að aukasímtölin skiptist jafnt á mánuðina október og nóvember. Stefndu Elías og Kristján voru sameigendur stefnanda 1/4 hluta þess tíma, en stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn 3/4 hluta. Ber þeim að greiða stefnanda reikningsfjárhæðina fyrir aukasímtölin að þeirri tiltölu, þó svo, að frá fjárhæð þeirri, er hvorir um sig greiði, sé dreginn 1/11 hluti. Ber stefndu Elíasi og Kristjáni samkvæmt því að greiða stefnanda kr. 90.48 (kr. 99.53 ÷ 9.05). Á sama hátt ber stefndu Bergi Eydal, Jóni og Kristmundi Þorbirni að greiða stefnanda kr. 271.36 (kr. 298.58 ÷ 27.22).

Greiðslur stefnanda vegna landssímasamtala nema samtals kr. 34.50. Samtöl þessi fóru öll fram á þeim tíma, er stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn voru meðeigendur stefnanda. Þykir rétt að dæma þá til að endurgreiða stefnanda fjárhæðina in solidum að frádregnum 1/11 hluta eða kr. 31.36 (kr. 34.50 ÷ 3.14). Hins vegar verða stefndu Elías og Kristján ekki dæmdir til að greiða framangreinda fjárhæð.

Úrslit málsins verða því þau, samkvæmt því, sem að framan er rakið, að stefndu Bergur Eydal, Jón og Kristmundur Þorbjörn verða dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 402.25 (kr. 99.84 + 271.36 + 31.36) með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags. Stefndu Kristján og Elías verða dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 423.31 (kr. 33.28 + 299.55 + 90.48) með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags.

Staðfesta ber framangreint löghald fyrir kröfum stefnanda á stefndu Berg Eydal, Jón og Kristmund Þorbjörn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af önnum.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu Bergur Eydal Vilhjálmsson, Jón Guðmundsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason greiði stefnanda, Einari Eiríkssyni, in solidum kr. 402.56 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags.

Stefndu Elías Steinsson og Kristján Gíslason greiði stefnanda in solidum kr. 423.31 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags.

Framangreind löghaldsgerð er staðfest fyrir kröfum stefnanda á stefndu Berg Eydal Vilhjálmsson, Jón Guðmundsson og Kristmund Þorbjörn Bjarnason.

Málskostnaður á að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. maí 1956.

Nr. 180/1954. **Landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins** (Hermann Jónasson)

gegn

Jóhönnu Sæmundsdóttur

(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ábúðarréttur. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar, gerir þær dómkröfur, að lögbannsgerð sú, er í hér-